

Mál nr. 380/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis: (A)

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 15. október 2025, ásamt fylgiskjöllum.
2. Athugasemdir V, dags. 7. nóvember 2025, ásamt fylgiskjöllum.
3. Ódagsettar viðbótarathugasemdir M.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 21. september 2025, barst lögreglu tilkynning um að umferðaróhapp hafi orðið á Reynisvatnsvegi um kl. 05.20 þann sama dag. Á vettvangi hitti lögreglan M. Kvaðst hann hafa verið að aka bifreið sinni, þ.e. A, norður Vesturlandsveg þegar hann hafi ekið út af akreininni til vinstri og lent utan í vegrið. Aðspurður kvaðst M hafi verið að koma heim úr vinnu í miðbænum, mjög þreyttur og mögulega sofnað og þannig hafnað á vegriðinu. M kvaðst ekki hafa sofið neitt síðasta sólarhringinn, hafi verið að koma erlendis frá og farið beint í vinnu. M kvaðst ekkert vera slasaður. Hins vegar voru sjáanlegar skemmdir á allri vinstri hlið A. V barst frumskýrsla lögreglu 2. október 2025. Í bréfi til M, dags. 3. október 2025 tilkynnti V, að það hyggist bera fyrir sig skerðingu á bótarétti úr kaskótryggingu um 1/3. Rökin voru þau að tjónið megi rekja til stórkostlegs gáleysis M, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga og 26. gr. almennra váttryggingarskilmála V.

Í málskoti óskar M eftir því að nefndin staðfesti fullan bótarétt sinn úr kaskótryggingu hjá V. Færir M m.a. þau rök máli sínu til stuðnings að þó hann hafi verið þreyttur í umrætt sinn sé orsaka slyssins að leita í því að steinn frá öðum bíl hafi skolið á framrúðu A. Það hafi leitt til viðbragðs af sinni hálfu sem aftur hafi leitt til þess að A hafnaði utan í vegriðinu. Með málskotinu fylgdu m.a. myndir af A sem M telur að styrki framangreinda frásögn í málskotinu.

Í athugasemdum frá V, dags. 7. nóvember 2025, er fyrri afstaða félagsins um að rétt sé að skerða bótarétt M úr kaskótryggingunni um 1/3 ítrekuð. Reyndar færir V fyrir því frekari rök að gáleysi M í umrætt sinn hafi verið svo mikið að réttlæt看legt væri að hann tapaði öllum bótrétti sínum. Færir V ítarleg rök máli sínu til stuðning og vísar í því samhengi bæði til tilgreindra dóma og úrskurða nefndarinnar. Bendir V m.a. á í þessu sambandi að leggja beri þá frásögn um málsatvik sem er að finna í frumgögnum málsins til grundvallar en ekki seinna tilkomna atvikalýsingu M. Þá komi hvergi fram, í frumgögnum málsins að steinn hafi lent í rúðu A.

Í ódagsettum viðbótarathugasemdum M eru fyrri rök ítrekuð og færð frekari rök gegn þeirri fullyrðingu V að tjónið verði rakið til stórkostlegs gáleysis M.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður vera líkamlega og andlega fær um að stjórna ökutæki því sem hann fer með. Í 2. mgr. 48. gr. sömu laga kemur fram að enginn má stjórna eða reyna að stjórna ökutæki ef hann er svo á sig kominn, m.a. vegna svefnleysis eða neyslu deyfandi lyfja, að hann er ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega. Í 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga kemur m.a. fram að hafi váttryggður í öðrum váttryggingum en ábyrgðartryggingum, með háttsemi sem telja verður stórkostlegt gáleysi, valdið váttryggingaratburði losni félagið úr ábyrgð í heild eða að hluta. Við mat á ábyrgð félagsins skal líta til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

Af fyrirliggjandi lögregluskýrslu, sem líta verður til sem frumgagns í málinu, enda eru ekki til staðar önnur og veigameiri gögn er hnekki því sem þar kemur fram, má ráða af framburði M að hann hafi sofnað undir stýri A enda hafi hann verið mjög þreyttur þar sem hann hafi á því tímamarki verið búinn að vaka vel á annan sólarhring. Þá hafi hann á því tímabili m.a. bæði ferðast til landsins erlendis frá og

farið beint í vinnu úr því ferðalagi. Verður af öllu framansögðu að telja nægilega sannað að vegna þreytu hafi M ekki verið fær um að stjórna A með öruggum hætti.

Nefndin telur því að V hafi sýnt fram á að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn. Með hliðsjón af atvikum öllum og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því að telja að V sé heimilt að skerða bótarétt M úr kaskótryggingu um 1/3 eins og V hefur byggt á.

Niðurstaða.

V er heimilt að skerða bótarétt M úr kaskótryggingu A um 1/3.

Reykjavík, 9. desember 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir